

hafa gögn verið lögð fram fyrir henni og verður hún því tildæmd. Hinsvegar hefir stefndur mótmælt skaðabótakröfunni, kr. 10000,00, sem allt of hárrí.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá Matthíasi Einarssyni, lækni, útgefið 20. júní s. l., um heilsufar drengsins. Segir í því, að fóturinn sé fullgróinn en miklu rýrari en hinn, nokkuð boginn og staurliður um hné. Telur læknirinn að þetta ástand muni haldast að mestu óbreytt, þó hugsanlegt sé að einhver smáhreyfing komi í hnéliðinn er tímar líða. Með tilliti til vottorðs læknisins og annars, er fram kemur í málinu, þykja bæturnar til drengsins hæfilega ákveðnar í einu lagi (að undanskyldum sjúkrakostnaðinum) kr. 5000,00 og verða þá úrslit málsins þau, að stefndur verður dæmdur til þess að greiða þá upphæð, að viðbættum kr. 1295,00 = kr. 6295,00, en aðeins með 5% ársvöxtum þar eð stefndur hefir mótmælt vöxtunum sérstaklega.

Svo ber og að dæma stefndan til þess að greiða málskostnað og ákveðst hann kr. 325,00.

Mánudaginn 27. febr. 1933.

Nr. 77/1932. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn

Max Turk (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 5. apríl 1932:
Kærði, Max Turk, á innan fjögura vikna að greiða sekt, að upphæð kr. 15800,00, til Landhelgissjóðs Íslands, en afplána hana með 8 mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum, „Emma Reimer“ P. G. 325 frá Geestemünde, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það er ekkert fram komið í málinu, er veiti réttmæta ástæðu til að staðhæfa það, að foringi varðskipsins hafi ekki séð miðin Hjörleifshöfða og Mýrnatanga nægilega glögggt, er hann gerði staðar-ákvarðanirnar kl. 11 árdegis þann 3. apríl f. á., enda þótt hann, fyrir fyllstu varúðarsakir, hefði þá í hyggju að bíða betra skyggnis til þess að ná einnig hornmælingu af sjávarmerkinu á Mýrdalssandi.

Hornmælingar varðskipsins, þær er í hinum áfrýjaða dómi greinir, verða því ekki véfengdar, enda fylgdist kærði með mælingunum samkvæmt skýslu varðskipsforingjans, og hafði hann þá ekkert að athuga við þær. Og það raskar ekki gildi hornmælinganna, þótt áttavitamiðun sú við vitann á Alviðruhamri, er gerð var á varðskipinu nóttina milli 2. og 3. apríl, sem gaf niðurstöðuna 297° r/v, hafi samkvæmt nýjum upplýsingum hér fyrir dómi, ekki verið nákvæm, því hún verður ekki talin annað en bráðabirgða-ákvörðun á stað skipsins, sem varðskipsforinginn telur eigi fullnægjandi til að ákveða stað þess og gerir því að sjálfsögðu hornmælingar þegar er þess er kostur. Loks er þess að gæta, að togarinn hafði siglt 12 mínútur frá því, er varðskipið varð hans fyrst vart á bakborða við sig, í S.S.A. stefnu með 2½—3 sjómílna hraða á klukkustund og með botnvörpu í sjó. Á þessum 12 mínútum hefir togarinn því siglt að minnsta kosti 0,5 sjómílu og því fjarlægzt land það mikið, að hann hefir þá hlotið að vera í landhelgi, enda þótt hann hefði verið 0,2 sjómílu utanvert við landhelgilínu, þegar hann var stöðvaður, eins og kærði hefir viljað vera láta. Það verður því að telja sannað, að kærði hafi verið að veiðum í

landhelgi með botnvörpu við umrætt tækifæri, og þykir sekt hans fyrir það brot, samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920 og með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu, sem nú er, samkvæmt skýrslu Landsbankans, 57,25, sbr. lög nr. 4/1924, kr. 17500,00 og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, 7 mánaða einfalt fangelsi. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150,00 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Max Turk, greiði 17500,00 króna sekt í Landhelgissjóð, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra, svo og um greiðslu málskostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmáflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, kr: 150,00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á Ægi, dags. 3. þ. m., var kærði í mál þessu, Max Turk, fæddur 2. febr. 1896, nóttina milli 2. og 3. þ. m. við veiðar í landhelgi út af Mýrnatanga, á togaranum P. G. 325, „Emma Reimer“, frá Geestemünde. Nánari atvik eru samkvæmt skýrslunni þessi: Kl. 11,46 síðdegis 2. þ. m., þegar Ægir var á leið austur með landinu, sást skip kærða bakborðsmegin við stefnu varðskipsins. Hélt Ægir þá að togaranum og gaf stöðvunarmerki og var síðan kl. 0,05 árd. numið staðar rétt aftan við togarann, sett þar út ljósboja og mælt um leið dýpið þar, sem reyndist 88 m. Um leið vara Alviðruhamarsviti miðaður í r/v 297°.

Vegna þess að myrkur var, voru staðarákvarðanir við bojuna ekki gerðar fyrr en milli kl. 8 og 9 árdegis daginn eftir, en þar sem vegna misturs var ekki hægt að mæla nema eitt lárétt horn og miða var beðið við bojuna og gerð þessi staðarákvörðun hjá henni kl. 11 árdegis:

Hjörleifshöfði

> 25° 00'

Alviðruhamarsviti

> 49° 32'

Sjómerki á Mýrnatanga

og reyndist staður bojunnar samkvæmt þessu 0,7 sjómílu innan landhelgislinu.

Kærði hefir undir rekstri málsins kannast við það, að hafa verið að toga á þeim stað, sem bojan var sett út, um það leyti þegar að Ægir stöðvaði togarann „Emma Reimer“ um kl. 12 á miðnætti 2. þ. m. Hinsvegar hefir hann ekki viljað viðurkenna, að mæling varðskipsins væri rétt og vill þar fara eftir mælingum, sem hann og stýrimaður hans gerðu, en eftir þeim var staður bojunnar ca: 0,2 úr sjómílu fyrir utan landhelgislinuna. Þessar mælingar og staðhæfingar kærða geta þó ekki orðið teknar til greina gegn mælingum þeim, sem teknar voru á varðskipinu, enda fylgdist kærði líka með þeim og gat hann ekkert þá fundið við þær að athuga. Samkvæmt þessu verður að telja nægilega sannað í málinu, að kærði hafi verið að toga á landhelgissæðinu og hefir hann með því brotið gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botn-vörpuveiðum í landhelgi.

Með því að hér er um 1. brot kærða á þessum lögum að ræða og með hliðsjón af að gullverð isl. krónu er í dag kr. 63.49, þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 15800,00, sem greiðist innan 4 vikna til Landhelgissjóðs Íslands, en afplánist með 8 mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 27. febr. 1933.

Nr. 79/1932. **Kristján Kjartansson**

gegn

Alfons Jónssyni, f. h. Kr. Andersen.

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Kjartansson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, er hefir látið mæta í málinu, 60.00 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. febr. 1933.

Nr. 88/1932. **Guðjón Einarsson**

gegn

Hrefnu Sigurgeirsdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðjón Einarsson, er eigi mætir í